

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritanir stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru hagsmunasamtök og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, stofnuð árið 1976. Markmið samtakanna er að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að auknum samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsemi SSH var nokkuð umfangsmikil á árinu 2021 en því miður hafði heimsfaraldur Covid 19 áhrif á framgang verkefna með ýmsum hætti, aðallega þó þannig að sumum verkefnum hefur seinkað. Alls urðu fundir stjórnar 18 samanborið við alls 37 fundi á árinu 2020. Þá voru haldnir 15 svokallaðir örfundir þar sem öllum kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu var boðið til fundar um hin ýmsu sameiginlegu verkefni og málefni sem voru hæst á baugi hjá SSH á hverjum tíma. Þá var áfram unnið að verkefnum er tengjast Samgöngusáttmálanum og starfsemi Betri samgangna ohf.

Líkt og undanfarin ár var unnið að áhersluverkefnum sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 er m.a. tengjast svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Voru þessi verkefni nokkuð umfangsmikil og tengdust m.a. sameiginlegri úrgangsflokkun sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, nýrri loftslagsáætlun svæðisins, forvarnarverkefnum, undirbúnings á stofnun áfanga- og markaðsstofu o.fl.

Á árinu 2021 fundaði svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins sex sinnum auk þess sem haldinn var einn vinnufundur. Covid 19 hafði nokkur áhrif á störf nefndarinnar og voru allir fundir á árinu haldnir með fjarfundabúnaði. Á árinu tók nefndin fyrir 40 erindi sem henni bárust og í ársbyrjun afgreiddi nefndin nýja þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 sem var afhent sveitarfélögunum til umræðu og afgreiðslu. Á árinu vann nefndin og samþykkti nýjar starfsreglur og samhliða var nýtt samkomulag sveitarfélaganna um svæðisskipulag og hýsingu þess hjá SSH samþykkt. Í mars urðu formannsskipti þegar Helga Hauksdóttir, fulltrúi Kópavogs, tók við af Sigurborgu Ósk Haraldsdóttur. Pawel Bartoszek tók við varaformennsku.

SSH unnu á árinu að undirbúningi og framkvæmd við mótun samstarfs um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið með þátttöku stjórnvalda og annarra hagaðila. Samhliða var að störfum ráðgjafahópur í samstarfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og fyrirtækja í ferðaþjónustu. Þá var nýlega gengið frá ráðningu verkefnastjóra sem halda mun utan um áframhald verkefnisins en stefnt er að því að ný áfangastaðaáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið verði tilbúin um næstu áramót.

Líkt og á árinu 2020 var unnið að umfangsmiklu verkefni er lýtur að stjórnsýslu byggðasamlaganna. Þá var áfram unnið að undirbúningi og útboði á framkvæmdum á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins ásamt verkefnum er tengjast mótvægisáðgerðum í vatnsvernd svæðisins.

Á vettvangi SSH störfuðu á árinu þverfaglegir samráðshópar sveitarfélaganna um ýmis samstarfsverkefni vegna sóknaráætlunar, velferðarmála, skólamála, skipulagsmála, samgöngumála o.fl.

Aðildarsveitarfélög samtakanna voru sjö á árinu 2021 en þau eru, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2021 er afkoma samtakanna neikvæð um 5,5 millj. kr. Eigið fé samtakanna í árslok 2021 samkvæmt efnahagsreikningi nam 15,8 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Laun og launatengd gjöld á skrifstofu SSH námu 45,8 millj. kr. Starfandi er framkvæmdastjóri hjá samtökunum auk tveggja annarra starfsmanna alls í 2,7 stöðugildum í árslok. Þá starfar svæðisskipulagsstjóri á skrifstofu SSH og meðal verkefniskostnaðar svæðisskipulags eru færð laun og launatengd gjöld svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar. Samtals nam kostnaður verkefnisins 26,5 millj. kr. á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Kópavogur, 7. mars 2022
Framkvæmdastjóri
Páll Björgvin Guðmundsson

Í stjórn samtakanna:

Gunnar Einarsson, formaður stjórnar
Ármann Kr. Ólafsson
Ásgerður Halldórsdóttir
Dagur B. Eggertsson
Karl M. Kristjánsson
Haraldur Sverrisson
Rósa Guðbjartsdóttir

Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
 - Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
 - Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 7. mars 2022

KPMG ehf.

Hlynur Sigurðsson

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu höfum yfirfarið ársreikning samtakanna fyrir árið 2021 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Kópavogur, 4. mars 2022

Heiða Björg Hilmisdóttir

Gunnar Valur Gíslason

Ársreikningur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er rafrænt undirritaður af endurskoðanda og skoðunarmönnum.

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	Ársreikningur 2021	Fjárhagsáætlun 2021	Ársreikningur 2020
Rekstrartekjur				
Árgjöld aðildarsveitarfélaga	4	27.435.160	26.915.427	24.468.570
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga		33.677.376	33.500.000	32.983.977
Framlag úr Jöfnunarsjóði v/sóknaráætlunar 2021		0	2.700.000	0
		<u>61.112.536</u>	<u>63.115.427</u>	<u>57.452.547</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	5	45.786.442	46.540.649	39.468.385
Húsnæðiskostnaður	6	6.738.670	7.046.059	4.814.807
Annar rekstrarkostnaður	7	4.103.611	9.143.296	2.873.228
		<u>56.628.723</u>	<u>62.730.004</u>	<u>47.156.420</u>
Verkefnakostnaður	8	9.718.026	15.500.000	11.614.131
		<u>66.346.749</u>	<u>78.230.004</u>	<u>58.770.551</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði		<u>(5.234.213)</u>	<u>(15.114.577)</u>	<u>(1.318.004)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		84.115	350.000	822.275
Sölutap sölu hlutafjár	(	500.000)	0	0
Fjármagnstekjuskattur	(	18.505)	0	(180.899)
Vaxta- og þjónustugjöld	(	37.576)	0	(112.982)
Gengismunur		230.709	0	0
		<u>(241.257)</u>	<u>350.000</u>	<u>528.394</u>
Afkoma ársins	10	<u>(5.475.470)</u>	<u>(14.764.577)</u>	<u>(789.610)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Eignir			
Eignarhlutir í félögum		0	500.000
Skammtímakröfur		12.802.056	137.584.599
Óinnheimt vegna Sóknaaráætlunar		8.200.000	10.406.000
Kröfur á tengda aðila		0	253.367
Handbært fé		43.858.625	160.386.769
		64.860.681	308.630.735
Eignir samtals		64.860.681	309.130.735
Eignir utan efnahagsreiknings	9		
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur	10	15.848.475	21.323.945
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		11.537.073	76.360.742
Skammtímaskuldir		14.759.344	9.751.717
Ónotað verkefnafé		22.715.789	201.694.331
		49.012.206	287.806.790
Eigið fé og skuldir samtals		64.860.681	309.130.735

Sjóðstreymisyfirlit árið 2021

	Skýr.	Des. 2021	2021	2020
Rekstrarhreyfingar:				
Afkoma ársins	10 (	5.475.470)	(14.764.577)	(789.610)
Sölutap hlutabréfa		500.000	0	0
Veltufé (til) frá rekstri		(4.975.470)	(14.764.577)	(789.610)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		127.241.910	0 (	128.395.596)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(	238.794.584)	0	154.924.224
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	(	111.552.674)	0	26.528.628
Handbært fé frá (til) rekstrar	(	116.528.144)	(14.764.577)	25.739.018
Fjárfestingarhreyfingar:				
Eignarhlutir í félögum, breyting		0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		0	0	0
Hækkun (lækkun) á handbæru fé á árinu	(	116.528.144)	(14.764.577)	25.739.018
Handbært fé í ársbyrjun		160.386.769	160.386.769	134.647.751
Handbært fé í árslok		43.858.625	145.622.192	160.386.769

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Tekjur

Rekstrartekjur SSH eru annars vegar framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hins vegar árgjald aðildarsveitarfélaganna eins og það er ákvarðað á aðalfundi hverju sinni. Framlög Jöfnunarsjóðs eru færð til tekna í samræmi við úthlutanir sjóðsins. Framlög sveitarfélaga byggja á föstu gjaldi pr. íbúa sem síðan er innheimt með hliðsjón af fjölda íbúa í viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

3. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2021 er birt í rekstrarreikningi og sjóðsstreymisýfirliti til samanburðar.

4. Árgjöld aðildarsveitarfélaga:

	2021	2020
Reykjavíkurborg	15.461.640	13.769.280
Kópavogsbær	4.443.960	3.985.695
Hafnarfjarðarbær	3.442.880	3.146.955
Garðabær	2.052.040	1.777.020
Seltjarnarnesbær	546.360	496.230
Mosfellsbær	1.459.280	1.267.665
Kjósarhreppur	29.000	25.725
	27.435.160	24.468.570

5. Laun og launatengd gjöld:

Laun skrifstofu:

Laun framkvæmdastjóra	17.883.094	17.799.231
Önnur laun skrifstofu	18.808.220	14.783.123
Lífeyrissjóðsgjöld	4.952.582	4.308.671
Leiðrétt móttframlag lífeyrissjóðs 2019	0	770.122
Sjúkra og orlofssjóðsgjöld	1.162.029	511.127
Tryggingagjald	2.591.044	2.394.076
Endurhæfingarsjóður	0	18.700
Tryggingar	130.796	106.172
Annar starfsmannakostnaður	271.310	9.627
Áfallið orlof	1.303.923	556.248
Innheimtur kostnaður v.vinnu við bókhald Borgarlínu	(422.556)	(1.014.712)
Laun vegna ræstingar færð á húsnæðiskostnað	(894.000)	(774.000)
	45.786.442	39.468.385

Laun svæðisskipulags:

Laun starfsmenn svæðisskipulags	11.710.752	23.686.341
Laun svæðisskipulagsnefndar og varamanna í stjórn	2.815.026	3.020.062
Lífeyrissjóðsgjöld	1.880.192	3.890.138
Sjúkra og orlofssjóðsgjöld	370.524	
Tryggingagjald	1.000.769	1.920.416
Endurmenntun og námskeið	141.390	35.000
Samgöngustyrkur	72.000	132.000
Áfallið orlof	1.016.257	(898.662)
Framlag vinnu í sóknaráætlun	(1.226.051)	
Launakostn. vegna svæðisskipulags fært á verkefniskostn.	(17.780.859)	(31.785.295)
	0	0
Laun og launatengd gjöld samtals	45.786.442	39.468.385

6. Húsnæðiskostnaður:

	2021	2020
Húsaleiga	4.805.419	4.428.445
Endurbætur og breytingar skrifstofu	3.290	369.510
Hlutdeild Borgarlínu í húsnæðikostnaði	0	(2.029.500)
Annar kostnaður	1.929.961	2.046.352
	<u>6.738.670</u>	<u>4.814.807</u>

7. Annar rekstrarkostnaður:

Tölvupjónusta.....	1.660.894	1.675.087
Tölvupjónusta vegna fundarkerfis.....	485.018	0
Tölvupjónusta vegna nýrrar vefsíðu.....	1.138.000	0
Bókhaldspjónusta.....	1.586.375	2.178.125
Fundakostnaður skrifstofu (stjórnarfundir ofl.).....	438.228	308.831
Eftirgefin krafa og kostnaður vegna sölu á Borgarlínu ehf.....	407.065	0
Sími og burðargjöld.....	515.194	524.424
Bifreiðastyrkir.....	831.600	797.940
Rekstur og viðhald tölvukerfis.....	1.169.489	998.424
Rekstur og viðhald tölvukerfis vegna fundarkerfis.....	614.745	0
Gjaldfærð símtæki og tölvubúnaður.....	695.178	889.889
Endurskoðun og reikningsskil.....	1.068.975	1.100.615
Ráðstefnur og námskeið.....	47.622	93.020
Ráðningaþjónusta.....	0	673.856
Önnur sérfræðiþjónusta.....	313.600	0
Auglýsingar.....	107.801	164.320
Dagpeningar.....	0	129.848
Bækur, blöð, tímarit.....	81.887	70.431
Pappír, prentun, ritföng.....	197.886	237.510
Hlutdeild svæðisskipulags í sameiginlegum kostnaði.....	(5.000.000)	(5.000.000)
Hlutdeild sóknaráætlunar í sameiginlegum kostnaði.....	(2.407.539)	(2.070.922)
Innheimtur útlagður kostnaður Borgarlínun.....	(1.017.505)	0
Aðkeypt þjónusta vegna Borgarlínu.....	1.017.505	0
Annar kostnaður.....	151.593	101.830
	<u>4.103.611</u>	<u>2.873.228</u>

8. Verkefnakostnaður, frh.:

Sóknaráætlun landshlutasamtaka, frh.

Sóknaráætlunarverkefnin eru unnin í samfellu milli ára, og byggjast á fjármögnun og samstarfi fleiri aðila. Umfang þeirra eins og þau koma fram í ársreikningi er því meira en sem nemur árlegu framlagi ríkissjóðs. Nánari sundurliðun á tekjum og gjöldum vegna verkefnanna er að finna í yfirliti í viðauka með ársreikningi. Af hálfu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var veitt framlag að upphæð 3,0 millj. kr til vinnu við umsýslu sóknaráætlunar.

Sóknaráætlun 2020-2024:

	2021	2020
Ríkissjóður vegna Sóknaráætlunar, innheimt.....	39.706.000	17.094.000
Ónotað innheimt verkefnafé Sóknaráætlunar, breyting.....	(5.001.604)	3.038.521
Framlag úr Jöfnunarsjóði vegna Sóknaráætlunar 2020-2024.....	3.002.739	2.829.057
Innheimt vegna sóknaráætlunar	37.707.135	22.961.578
Sameiginlegur kostnaður.....	2.407.539	2.070.922
Velferðartækni.....	0	1.808.300
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins.....	0	726.700
Markaðssetning gagnvart erlendum fjárfestum.....	5.057.729	4.121.307
Undirbúningur sóknaráætlunar 2020-2024.....	595.200	758.135
Áfangastaða- og markaðsstofa.....	4.626.989	0
Ratsjain fyrir ferðapjónustu á hbsv.....	3.549.609	0
Ferðapjónusta nýsköpunarverkefni.....	5.454.503	3.268.605
Forvarnir á tímum Covid-19.....	3.868.850	3.199.950
Stafræn þjónusta.....	219.700	2.780.050
Meðhöndlun úrgangs á höfuðborgarsvæðinu.....	5.915.669	4.089.267
Frumdrög að loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins.....	5.820.345	980.000
Útivistarsvæði hbsv.....	4.807.377	0
Bæta samstarf svfél.við markaðs og utanumhald.....	383.625	0
	42.707.135	23.803.236
Sóknaráætlun 2020-2024	5.000.000	841.658

Framlög ársins:

	2021	2020
Framlag ríkissjóðs.....	37.500.000	25.000.000
Framlag sveitarfélaga.....	5.000.000	5.000.000
	42.500.000	30.000.000

Innheimt framlög:

	2021	2020
Framlag ríkissjóðs.....	29.300.000	14.594.000
Framlag sveitarfélaga.....	5.000.000	5.000.000
	34.300.000	19.594.000
Óinnheimt verkefnafé í árslok	8.200.000	10.406.000

Framlög sveitarfélaga til Sóknaráætlunar eru innheimt sem hluti af árgjaldi sveitarfélaga til samtakanna. Óinnheimt og ónotað verkefnafé færast milli ára og mun verða nýtt á komandi ári til verkefna tengdum Sóknaráætlun 2020-2024.

Svæðisskipulag:

Í samræmi við samkomulag aðildarsveitarfélaganna annast skrifstofa SSH rekstur og stjórnsýslulegt utanumhald um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Þann 23. nóvember 2021 var samkomulagið endurnýjað og féll úr gildi eldra samkomulag frá 24. ágúst 2012. Fjárhagur svæðisskipulagsins er aðgreindur frá almennum rekstri skrifstofu SSH, sveitarfélögin greiða sérstaklega laun svæðisskipulagsstjóra og svæðisskipulagsnefndar og framlög í sérstakan verkefnasjóð í samræmi við starfsreglur svæðisskipulagsnefndar. Nánari upplýsingar er að finna í yfirliti meðfylgjandi ársreikningi þessum.

Skýringar, frh.:

8. Verkefnakostnaður, frh.

Svæðisskipulag, frh.:

	2021	2020
Hlutdeild SVF vegna svæðisskipulags.....	23.618.643	22.443.832
Verkefnafé.....	5.000.000	5.500.000
Ónotað verkefnafé svæðisskipulags frá fyrra ári.....	7.435.896	13.214.300
Ónotað verkefnafé svæðisskipulags.....	(9.514.185)	(7.435.896)
Innheimt vegna svæðisskipulags	26.540.354	33.722.236
Laun svæðisskipulagsstjóra.....	11.710.752	23.686.341
Laun svæðisskipulagsnefndar.....	2.815.026	3.020.062
Launatengd gjöld.....	3.251.485	4.911.892
Endurmenntun.....	0	35.000
Breyting áfallins orlofs.....	1.016.257	0
Sími.....	60.000	0
Bifreiða- og samgöngustyrkur.....	72.000	132.000
Aðkeypt sérfræðipjónusta.....	3.768.340	11.918.028
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði.....	5.000.000	5.000.000
Annar rekstrarkostnaður.....	72.545	491.970
Innheimtur útlagður kostnaður.....	0	(99.513)
Verkefnastjórnun sóknaráætlunarverkefna.....	(1.226.051)	0
Verkefnastjórnun Borgarlínu.....	0	(15.373.544)
	26.540.354	33.722.236
Svæðisskipulag	0	0

Vegagerðin vegna samgöngumála:

	2021	2020
Innheimt framlag frá sveitarfélögum.....	0	1.580.337.414
Verkefnafé greitt til Vegagerðar og Borgarlínuverkefnis 2020.....	0	(1.418.582.655)
Verkefnafé greitt til Vegagerðar og Borgarlínuverkefnis 2021.....	0	(161.754.759)
	0	0
Verkefniskostnaður.....	0	167.160
	0	167.160
Vegagerðin vegna samgöngumála	0	167.160

Almenningssamgöngur:

Framlög Vegagerðarinnar v. sam. um eflingu almenningssamg.....	906.000.000	900.000.000
Greitt til Strætó bs.....	(906.000.000)	(900.000.000)
	0	0
Samkvæmt samningi um eflingu Almenningssamgangna frá 7.maí 2012.		

Skýringar, frh.:

Annar verkefnakostnaður:	2021	2020
Þjónusta við fatlaða.....	0	923.010
Stjórnsýsluverkefni.....	7.517.891	10.217.918
Viðhald girðinga.....	2.755.562	3.444.973
Vatnsvernd.....	17.840.216	13.245.409
Verkefniskostnaður byggðasamlaga.....	0	467.590
Innheimt hjá sveitarfélögum og byggðasaml.v/stjórnsýsluv.....	(6.268.576)	(3.217.918)
Innheimt hjá sveitarfélögum v/vatnsverndar.....	(17.840.216)	(13.245.409)
Innheimt hjá sveitarfélögum v/málefna fatlaðra.....	0	(923.010)
Innheimt hjá byggðasamlögum.....	0	(307.250)
Annar verkefnakostnaður	713.149	0
	<u>4.718.026</u>	<u>10.605.313</u>
Verkefnakostnaður samtals	9.718.026	11.614.131

9. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu samtakanna eru ýmsir lausafjármunir, sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða húsgögn og skrifstofuáhöld, sem notuð eru við daglegan rekstur.

10. Yfirlit um eiginfjárreikning

	2021	2020
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	21.323.945	22.113.555
Afkoma ársins	(5.475.470)	(789.610)
Eiginfjárreikningur í árslok	<u>15.848.475</u>	<u>21.323.945</u>

11. Samningar

Hinn 7. maí 2012 var gengið frá samningi milli innanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Vegagerðarinnar og SSH vegna sérverkefnis til eflingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Samningurinn er til tíu ára og felur í sér framlög Vegagerðarinnar til verkefnisins sem nemur 822 millj. kr. á árinu 2014, 900 millj. kr. árlega á samningstímanum auk 550 millj. kr. framlags á árinu 2022. SSH eru móttakandi framlaga Vegagerðarinnar sem síðan er veitt áfram óskert til Strætó bs. Fjárhæðir framlaga taka breytingum í samræmi við breytingar á launavísitölu og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í fyrsta skipti 1. janúar 2013. Þrátt fyrir framangreind verðbótaákvæði þá er fjárhæð hvers árs háð fjárlögum hverju sinni. Nú er að störfum starfshópur sem vinnur að tillögu að endurskoðuðu samkomulagi þar sem gert er ráð fyrir að gildistími samningsins framlengist um tólf ár, eða til ársins 2034. SSH á þjá fulltrúa í umræddum starfshópi og gert er ráð fyrir að tillögur liggi fyrir innan skamms.

Hinn 7. maí 2018 undirrituðu sveitarfélögin samkomulag um uppbyggingu á skíðasvæðunum við Bláfjöll og Skálafell. Hafa verið gerðir tveir viðaukar við samninginn frá 7. maí 2018, annars vegar í mars 2020 og er nú framkvæmdakostnaður á skíðasvæðunum áætlaður 5.2 milljarðar kr. Á árinu 2020 var farið í útboð vegna skíðalyftna og snjóframleiðslu og var öllum tilboðum hafnað. Í kjölfarið var ákveðið að fara í samkeppnisútboð vegna skíðalyftna og lágu niðurstöðu þess fyrir hinn 11. maí 2021. Í kjölfar þess var ákveðið að taka tilboði lægstbjóðanda, Dobbeldmayr skíðalyftna ehf., vegna lyftnanna Gosa og Drottningar. Gengur verkið samkvæmt áætlun og er áætluð tímasetning framkvæmda á árunum 2022-2024 vegna Drottningar og á árunum 2021-2022 vegna Gosa. Unnið er að undirbúningi annara verkefna er tengjast samþykktu framkvæmdaáætlun.

Hinn 12. nóvember 2019 gerðu SSH annars vegar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið hins vegar með sér samning um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024. Til að vinna að markmiðum samningsins mótuðu SSH sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins fyrir árin 2020-2024. Árlega eru svo skilgreind áhersluverkefni sem ætlað er að endurspeglar markmið sóknaráætlunar og styðja við framgang hennar. Nam greiðsla samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna samningsins 37,5 millj. kr. vegna ársins 2021, en fyrirhuguð greiðsla vegna ársins 2022 er 30 millj. kr.

Hinn 14. júní 2019 var undirritað samkomulag um samstarf aðildarsveitarfélaganna um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlína). Samhliða þessu samkomulagi var gerður sérstakur samstarfssamningur við Vegagerðina með það að markmiði að setja af stað verkefni um að tryggja farsælan undirbúning fyrstu framkvæmda Borgarlínu. Samningur þessi er nú útrunninn og hefur verkefnið verið fært til Betri Samgangna ohf. sem falið hefur Vegagerðinni áframhaldandi umsjón með undirbúning Borgarlínu. Endanlegt uppgjör á verkefninu fór fram í upphafi árs 2021.

Hinn 26. september 2019 var undirritað samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningssamgangna, á höfuðborgarsvæðinu til 15 ára þ.e. til og með ársins 2033 (Samgöngusáttmálinn). Stjórn SSH fer með umboð sveitarfélaganna sem eru aðilar að samkomulaginu og mun á grundvelli þess annast eftirfylgni, eftirlit og utnumhald með samkomulaginu m.a. með skipun þriggja af sex stjórnarmönnum í Betri Samgöngnum ohf. Greiðslur sveitarfélaganna til Samgöngusáttmálans fara nú beint frá sveitarfélögunum til Betri Samgangna ohf. skv. samkomulagi þar um.

Hinn 22. júní 2020 var gert samkomulag um viðhald grunnvatns- og rennislíkans á höfuðborgarsvæðinu en aðilar þess eru Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og Veitur. Tilgangur samkomulagsins, sem byggir á fyrirliggjandi markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, er að staðfesta vilja og ákvörðun sveitarfélaganna um sameiginlega vatnsvernd og samræmingu ákvarðana sem snerta vatnsverndarsvæðin. Kostnaði við árlegt viðhald og endurskoðun grunnvatns- og rennislíkans svo og sértækra viðbótargrunnrannsóknar er skipt milli vatnsveitna sveitarfélaganna í hlutfalli við íbúafjölda.

11. Samningar frh.

Hinn 6. mars 2020 gerðu sveitarfélögin Reykjavík, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes samning við Strætó bs. vegna framkvæmdar akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara. Samhliða voru settar sameiginlegar reglur fyrrgreindra sveitarfélaga um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu og samkomulag þeirra um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Framangreint felur m.a. í sér að Strætó bs. fer með umsýslu með rekstri akstursþjónustunnar en jafnframt ber sérstök stjórn akstursþjónustunnar faglega og fjárhagslega ábyrgð á verkefninu.

Þess utan hafa SSH á árinu gert samninga við verktaka um ráðgjöf og framkvæmd einstakra verkefna.

Yfirlit verkefnisumsjónar SSH á árinu 2021

	Svæðis- skipulag	Sóknar- áætlun	Viðhald girðinga	Almennings samgöngur	Vatnsvernd	Stjórnsýsla	Skilavegir	Önnur verkefni	Samtals 2021
Innheimt vegna verkefna									
Hlutdeild ríkissjóðs		42.707.135							42.707.135
Verkefnafé sveitarfélaga	23.618.643								23.618.643
Rekstrarframlag sveitarfélaga og byggðas.	5.000.000				17.840.216	6.268.576			29.108.792
Vegagerðin v. sam. um eflingu almenningssamg.				906.000.000					906.000.000
Ónotað verkefnafé fyrra árs	7.435.896								7.435.896
Verkefnafé frá fyrra ári (flutt til næsta árs)	(9.514.185)								(9.514.185)
	<u>26.540.354</u>	<u>42.707.135</u>	<u>0</u>	<u>906.000.000</u>	<u>17.840.216</u>	<u>6.268.576</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>999.356.281</u>
Kostnaður vegna verkefna									
Laun og tengd gjöld	18.793.520								18.793.520
Annar rekstrarkostnaður	204.545	2.407.539							2.612.084
Gjaldfært framlag sveitarfélaga til Sóknaráætlunar	0	5.000.000							5.000.000
Verkefniskostnaður	3.768.340	40.299.596	2.755.562	906.000.000	17.840.216	7.617.553	275.000	338.487	978.894.754
Verkefnastjórnun vegna sóknaráætlunnar	(1.226.051)								(1.226.051)
Hlutdeild	<u>5.000.000</u>								<u>5.000.000</u>
	<u>26.540.354</u>	<u>47.707.135</u>	<u>2.755.562</u>	<u>906.000.000</u>	<u>17.840.216</u>	<u>7.617.553</u>	<u>275.000</u>	<u>338.487</u>	<u>1.009.074.307</u>
Verkefnakostnaður SSH	<u>0</u>	<u>5.000.000</u>	<u>2.755.562</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1.348.977</u>	<u>275.000</u>	<u>338.487</u>	<u>9.718.026</u>